

23. Mars:

Eftir ársfund var farið yfir verkefni og verkaskiptingu.  
Störf í stjórn verða óbreytt.

Gunni sagði frá vinnu í nefnd um Dómaranám. Þriðji fundur og teknar inn breytingatillögur frá Vorstehdeild sem var aðalega orðalag og smávægilegar breytingar sem þótti rétt að leggja til.

Lalli sagði stuttlega frá vinnu hjá nefnd um endurskoðun veiðiprófsreglna sem nýlega er farin að vinna og búin að hittast tvisvar.

Rætt var næsta veiðipróf hjá deildinni sem er einn af stóru viðbuðum deildarinnar. Farið yfir einhver útfærsluatriði og útbúinn tasklisti.

Verðlauna/viðurkenninga mál rædd og útfærsla á því, þannig að deildin eigi alltaf lager af verðlaunum á sem hagstæðastan hátt, bæði kosnaðarlega og útfærslulega. Það er ærið verkefni að halda próf og fjölmörg verkefni sem fylgir því að flytja inn 2 erlenda dómara, græja gistingu, finna góð prófsvæði fyrir 3 daga og allt sem þessu fylgir, en vanir menn og vönduð vinna.

Einnig var talað um að halda aftur RIUS námskeið og Sækikeppni seinna í vor, og velt fyrir sér að halda jafnvel létt grunnþjálfunar námseið í hlýðni fyrir nýja hvolpa/unghunda.

Mættir: [Lárus Eggertsson](#), [Sigurður Arnet Vilhjálmsson](#), [Guðni Stefánsson](#) og [Guðmundur Pétursson](#)